



Minnisblað

Móttakandi: Til sveitarstjórna og þeirra
starfsmanna sveitarfélaga sem
málið varðar

Dags.: 1. nóvember 2019

Sendandi: Sigurður Ármann Snævarr

Málsnr.: 1806032SA
Málalykill: 01.21

Efni: Enn um forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda ársins 2019 og fjárhagsáætlana til þriggja ára

Í lok júní sl. sendi hag- og upplýsingasvið sambandsins frá sér minnisblað um helstu forsendur fyrir vinnslu fjárhagsáætlana. Í því minnisblaði var fjallað um þjóðhagsspá hagstofu frá 10. maí sl. Í dag birti hagstofan nýja spá sem rétt er að fara nokkrum orðum um. Á grundvelli spárinnar hefur fjármálaráðuneytið endurmetið spá um hækkun útsvars- og tekjuskattsstofns næstu árin. Loks hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið birt áætlun um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Rétt þykir því að senda út minnisblað um endurmat á forsendum eins og raunar minnst var á í fyrra minnisblaði, jafnvel þótt ljóst sé að lögum samkvæmt á tillaga að fjárhagsáætlun að hafa verið lögð fyrir sveitarstjórn.

Efnahagsskilyrði

Þjóðhagsspá Hagstofu

Í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga segir með beinum hætti í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlunar skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á.

Í töflu 1 eru niðurstöður Hagstofu um þróun helstu þjóðhagsstærða árin 2019-2023 raktar.

Helstu breytingar frá spá stofnunarinnar sem birt var í maí sl. eru þessar:

Hagvöxtur á næsta ári verður 0,9 prósentustigum minni en í fyrri spá. Munar þar ekki síst um minni fjármunamyndun en áður var spáð. skv. spánni. Einkaneysla verður einnig minni, en á móti vegur meiri samneysla en áður var spáð.

Verðbólga er áætluð lægri í ár og á næsta ári en í fyrri spá. Hagstofa spáir að verðbólga verði 3% í ár í stað 3,4% og 2,6% á næsta ári í stað 3,2%.

Tafla 1. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2019-2024

Hlutfallsleg magnbreyting milli ára, þ.e. umfram verðhækkanir, nema annað sé tekið fram.

	2019	2020	2021	2022	2023
Einkaneysla	1,8	2,4	2,7	2,6	2,6
Samneysla	2,5	2,4	1,6	1,8	2,4
Fjármunamyndun	-9,1	3,7	4,4	2,7	2,8
Atvinnuvegafjárfesting	-15,2	3,5	4,1	3,3	3,4
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	17,0	7,8	4,5	5,0	3,9
Fjárfesting hins opinbera	-11,5	4,5	7,5	-2,6	-1,2
Þjóðarútgjöld, alls	-0,6	2,6	2,8	2,5	2,6
Útflutningur vöru og þjónustu	-5,5	1,7	2,6	2,8	2,7
Innflutningur vöru og þjónustu	-6,7	3,7	2,9	2,5	2,7
Verg landsframleiðsla (hagvöxtur)	-0,2	1,7	2,7	2,6	2,6
Vöru- og þjónustujöfnuður, % af VLF	3,1	2,1	2,1	2,2	2,2
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	2,9	1,4	1,4	1,5	1,4
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	3,8	3,9	3,9	4,0	4,0
Vísitala neysluverðs (verðbólga)	3,0	2,6	2,5	2,5	2,5
Kaupmáttur launa	1,7	2,5	2,7	2,4	1,7
Gengisvísitala	8,7	0,0	0,0	0,0	0,0
Raugengi	-6,8	0,9	0,6	0,5	0,5
Launavísitala	4,8	5,2	5,3	5,0	4,2
Alþjóðleg verðbólga	1,6	1,7	1,8	1,9	2,0

Heimild: Hagstofa Íslands.

Laun hækka minna en áður var gert ráð fyrir bæði í ár og á því næsta. Í ár áætla Hagstofa að kaupmáttur launa aukist um 1,7% í stað 2,1% og aukist á næsta ári um 2,5% í stað 2,2% í fyrri spá. Hagstofan birtir ekki spá um launavísitölu, en hana má þó reikna út frá spá um laun og verðbólgu. Samkvæmt því spáir hagstofa að laun hækki um 4,8% í ár og 5,2% á því næsta, en skv. fyrri spá gerði hagstofa ráð fyrir 5,6% í ár og 5,5% á næsta ári.

Aðrar spár. Tveir iðskiptabankar og seðlabankinn hafa birt endurskoðaðar spár að undanfögnu. Spá Arion banka er eldri, eða frá 12. ágúst og er henni sleppt í yfirlitinu í töflu 2. Þessir aðilar gera ráð fyrir að samdrátturinn í ár verði minni en áætlað var í vor, en jafnframt að hagvöxtur á næsta ári verið minni. Spár um verðbólgu hafa verið lækkaðar verulega, einkum fyrir næsta ár. Haustspár bankanna sýna að meðaltali 2,5% verðbólgu á næsta ári, en vorspár hljóðuðu upp á 3,4% að meðaltali. Svipaða sögu er að segja af spám um launaþróun, meðaltal vorspáa var 5,8% hækkun frá 2019 til 2020. Nú er spáð 4,4% hækkun sem er nokkru lægri en spá hagstofu. Seðlabankinn spáir launakostnaði á framleidda einingu en ekki launavísitölu.

Tafla 2 sýnir að verulegur samhljómur er á milli spáa einstakra aðila, engu að síður er auðvitað veruleg óvissa um framvindu efnahagsmála á næstu árum.

Tafla 2. Nýjustu spár banka og hagstofu.

Hagvöxtur, %	2019	2020	2021	Verðbólga, %	2019	2020	2021
Hagstofa	-0,2	1,7	2,7	Hagstofa	3,0	2,6	2,5
Íslandsbanki	-0,1	1,3	2,8	Íslandsbanki	3,1	2,6	2,8
Landsbanki	-0,4	2,0	2,2	Landsbanki	3,0	2,4	2,5
Seðlabanki	-0,2	1,9	2,7	Seðlabanki	3,1	2,4	2,3
Meðaltal banka	-0,2	1,7	2,6	Meðaltal banka	3,1	2,5	2,5

Laun, % br. f.f. ári	2019	2020	2021	Atvinnuleysi, % af vinnuafli	2019	2020	2021
Hagstofa	4,8	5,2	5,3	Hagstofa	3,7	3,8	3,8
Arion banki	5,3	6,0	5,1	Arion banki	4,0	4,5	4,1
Íslandsbanki	5,0	4,5	5,3	Íslandsbanki	3,6	4,2	3,7
Landsbanki	4,6	4,3	6,0	Landsbanki	3,6	4,0	3,5
Seðlabanki				Seðlabanki	3,7	3,8	3,6
Meðaltal banka	4,8	4,4	5,6	Meðaltal banka	3,6	4,0	3,6

Heimild: Hagstofa og viðkomandi bankar.

Forsendur um tekjur

Hag- og upplýsingasvið hefur birt staðgreiðsluáætlun fyrir hvert og eitt sveitarfélag fyrir komandi ár með áætlun um eftiráálagningu vegna ársins í ár. Áætlunin er byggð á upplýsingum fjármálaráðuneytisins um hækkun tekjuskattstofns. Í töflu 3 er áætlun ráðuneytisins fyrir árin 2019-2024 sýnd.

Tafla 3. Áætluð breyting tekjuskattstofns 2019 – 2024.

	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Ársverk	1,0	1,0	0,9	0,9	0,9	0,8
Launavísitala	4,8	5,2	5,3	4,9	4,3	4,2
Tekjuskatts-/útsvarsstofns	5,8	6,3	6,2	5,8	5,2	5,0

Heimild: Fjármálaráðuneyti.

Ný spá um launavísitölu og ársverk hefur í för með sér að spáð er að útsvarsstofn hækki minna en fólst í fyrri spá. Um er þó að ræða óverulegan mun fyrir næsta ár. Samkvæmt nýrri spá verður hækkun á þessu ári töluvert minni en áður var reiknað með og munar hér um 0,7 prósentustig. Munurinn verður um 0,5 prósentustig árin 2021 og 2022. Endurskoðuð spá gerir ráð fyrir að útsvarsstofn hækki meira en fólst í fyrri spá og munar þar 0,1 prósentustigi.

Áætluð framlög jöfnunarsjóðs

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur sent frá sér áætlun um framlög á næsta ári, sjá <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/10/24/Aaetlud-framlog-ur-Jofnunarjodi-sveitarfelaga-arid-2020/>. Í töflu 4 eru áætluð framlög í heild fyrir 2020 tekin saman eftir sveitarfélögum. Um er að ræða framlög án framlaga til málefna fatlaðs fólks og tekjufjöfnunarframlaga. Hækkun frá 2019 er 2,6%, en breytingar milli ára eru mjög mismunandi milli sveitarfélaga.

SAS

Tafla 4. Áætluð framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2020 og breyting frá 2019

	Útgjaldajöfnun	Vegna reksturs grunnskóla	Vegna fatlaðra nemenda	Vegna nýbúafraeðslu	Jöfnun fasteignaskattstekna	Samtals	Breyting frá 2019
Reykjavíkurborg	31	0	1.517	0	0	1.548	6,3%
Kópavogsbær	1	564	142	65	0	773	2,6%
Seltjarnarneskaupstaður	142	0	8	5	0	156	0,2%
Garðabær	100	253	59	20	0	432	-1,5%
Hafnarfjarðarkaupstaður	0	1.035	121	55	0	1.212	10,7%
Mosfellsbær	299	455	77	20	33	884	11,4%
Kjósarhreppur	0	8	0	0	9	17	-0,8%
Reykjanesbær	242	547	86	62	408	1.346	6,0%
Grindavíkurbær	359	159	19	10	88	636	0,8%
Sveitarfélagið Vogar	118	103	8	4	36	269	1,2%
Suðurnesjabær	324	270	22	12	111	740	12,8%
Akraneskaupstaður	403	259	55	11	121	849	0,9%
Skorradalshreppur	0	6	0	0	2	7	64,9%
Hvalfjarðarsveit	0	73	3	1	52	129	7,1%
Borgarbyggð	451	299	22	8	191	971	3,0%
Grundarfjarðarbær	103	65	0	3	37	208	-1,5%
Helgafellssveit	13	8	5	0	3	29	2,0%
Stykkishólmsbær	134	79	8	2	46	269	0,1%
Eyja- og Miklaholtshreppur	29	19	0	1	8	57	-13,5%
Snæfellsbær	226	168	11	8	84	496	-5,5%
Dalabyggð	124	83	1	0	54	262	-0,4%
Bolungarvíkurkaupstaður	108	102	4	4	60	279	-1,2%
Ísafjarðarbær	454	166	10	12	288	929	-4,6%
Reykholahreppur	118	78	5	0	24	224	26,7%
Tálknafjarðarhreppur	28	49	0	0	24	101	-9,0%
Vesturbyggð	171	117	1	4	84	377	-1,5%
Súðavíkurhreppur	73	32	5	1	25	136	-1,2%
Árneshreppur	0	0	0	0	9	9	-19,4%
Kaldraneshreppur	18	6	0	0	11	36	8,5%
Strandabyggð	139	49	12	0	37	238	15,0%
Sveitarfélagið Skagafjörður	509	223	12	4	229	977	-0,9%
Húnaþing vestra	227	98	11	3	71	410	-6,5%
Blönduósibær	134	98	5	5	54	296	-1,8%
Sveitarfélagið Skagaströnd	51	67	6	1	29	154	-16,8%
Skagabyggð	20	12	0	0	4	36	-33,9%
Húnavatnshreppur	87	50	2	1	25	164	10,4%
Akrahreppur	29	18	0	0	10	57	-11,8%
Akureyrarkaupstaður	300	1.076	78	24	301	1.778	2,3%
Norðurþing	332	54	24	4	203	617	14,4%
Fjallabyggð	267	80	13	3	130	493	-2,0%
Dalvíkurbyggð	262	126	0	5	93	484	-1,9%
Eyjafjarðarsveit	150	94	8	2	30	284	0,9%
Hörgársveit	87	62	0	0	30	180	0,1%
Svalbarðsstrandarhreppur	59	61	0	1	18	138	5,6%
Grýtubakkahreppur	49	59	1	1	19	128	0,1%
Skútustaðahreppur	0	16	2	0	59	77	17,6%
Tjörneshreppur	10	0	0	0	3	13	3,8%
Þingeyjarsveit	90	125	2	0	78	296	10,9%
Svalbarðshreppur	19	22	0	0	5	45	7,3%
Langanesbyggð	90	43	7	3	49	191	-3,6%
Seyðisfjarðarkaupstaður	59	35	0	2	73	170	-2,7%
Fjarðabyggð	264	373	35	20	305	997	-0,6%
Vopnafjarðarhreppur	100	71	2	2	56	230	3,1%
Fljótshreppur	0	0	0	0	8	9	6,6%
Borgarfjarðarhreppur	20	-1	0	0	11	30	-27,1%
Djúpavogshreppur	93	91	4	2	39	229	3,3%
Fljótshálsbær	498	272	23	6	173	972	0,4%
Sveitarfélagið Hornafjörður	309	139	7	7	135	596	8,0%
Vestmannaeyjabær	359	38	24	6	150	577	1,5%
Sveitarfélagið Árborg	346	494	68	18	141	1.067	-1,3%
Mýrdalshreppur	23	-6	3	1	57	78	0,7%
Skafthreppur	58	9	0	0	50	116	2,8%
Ásahreppur	0	26	0	0	9	35	13,1%
Rangárþing eystra	253	74	7	4	91	428	-3,3%
Rangárþing ytra	114	89	6	4	102	314	6,0%
Hrunamannahreppur	88	35	0	2	39	163	-0,2%
Hveragerðisbær	284	81	11	6	54	435	5,1%
Sveitarfélagið Ölfus	242	106	15	7	68	438	7,4%
Grímsnes- og Grafningshreppi	0	19	0	2	45	66	2,9%
Skeiða- og Gnúpverjahreppi	0	64	0	0	25	90	73,7%
Bláskógabyggð	0	110	3	0	76	189	0,0%
Flóahreppur	90	104	2	2	32	230	5,2%
Samtals	10.175	9.660	2.581	455	5.026	27.897	2,6%